

2002 nr. 90 15. maí**Lög um Umhverfisstofnun**

Tóku gildi 1. janúar 2003.

■ **1. gr.** Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Umhverfisstofnun. Stofnunin hefur aðsetur á höfuðborgarsvæðinu en getur rekið hluta af starfsemi sinni annars staðar á landinu.

□ Hlutverk stofnunarinnar er:

a. að annast starfsemi sem Hollustuvernd ríkisins er falin samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengun-arvarnir, með síðari breytingum, lögum nr. 52/1988, um eit-urefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með síðari breytingum, lögum nr. 93/1995, um matvæli, með síðari breytingum, lög-um nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, með síðari breyt-ingum, lögum nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, með síðari breytingum, lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum, lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breyt-ingum, sóttvartalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum, lögum nr. 17/2000, um framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyð-ingu þeirra, og lögum nr. 75/2000, um brunavarnir,

b. að annast starfsemi sem Náttúruvernd ríkisins er fal-in samkvæmt lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, með síð-ari breytingum, lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, með síðari breytingum, lögum nr. 61/1992, um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, með síðari breytingum, lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síð-ari breytingum, lögum nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar, með síðari breytingum, lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með síðari breytingum, lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, lög-um nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum, lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og nátt-úrustofur, með síðari breytingum, lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, með síðari breytingum, og lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, með síðari breytingum,

c. að annast starfsemi sem embætti veiðistjóra er falin

samkvæmt lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breyting-um,

d. að annast starfsemi hreindýraráðs samkvæmt lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum,

e. að annast starfsemi dýraverndarráðs og framkvæmd laga um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum.

■ **2. gr.** Við stofnunina starfar forstjóri skipaður af umhverf-isráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskóla-menntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri hennar.

□ Stofnuninni er skipt í fagsvið og starfar forstöðumaður yf-ir hverju sviði. Forstöðumenn skulu hafa háskólamenntun og sérþekkingu eða starfsreynslu á viðkomandi sviði. Forstjóri ræður forstöðumenn. Einn forstöðumanna gegnir starfi stað-gengils forstjóra. Forstjóri ræður jafnframt annað starfsfólk stofnunarinnar.

□ Ráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum forstjóra, nánari ákvæði um skipulag stofnunarinnar.

■ **3. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

■ **4. gr.** . . .

■ **Ákvæði til bráðabirgða.**

1. Starfsmenn stofnana sem sinnt hafa þeim verkefnum sem munu heyra undir Umhverfisstofnun samkvæmt lögum þessum skulu eiga forgangsrétt til starfa þar á fyrsta starfsári stofnunarinnar. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessum tölulið.

2. Þegar lög þessi hafa verið samþykkt skal umhverfis-ráðherra skipa starfshóp sem í eiga sæti auk fulltrúa ráðu-neytisins forstjóri Hollustuverndar ríkisins, forstjóri Náttúru-verndar ríkisins og veiðistjóri. Starfshópurinn skal undirbúa gildistöku laganna.

3. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal forstjóri Umhverfisstofn-unar skipaður frá 1. ágúst 2002 og skal hann frá þeim tíma taka þátt í starfshópi skipuðum skv. 2. tölul.